

Forsætisráðuneytið
Skrifstofa jafnréttismála

Akureyri 4. október 2021

Efni: Umsögn Kjalar stéttarfélags starfsmanna í almannajónustu um drög að skýrslu og tillögum starfshóps um verðmætamat kvennastarfa og endurmat á virði kvennastarfa

Starfshópur um endurmat á störfum kvenna var skipaður í kjölfar yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar sem undirrituð var við gerð kjarasamninga milli ríkis og sveitarfélaga og aðildarfélaga BSRB vorið 2020. Starfshópurinn skilaði drögum að skýrslu í samráðsgátt stjórnvalda þann 7. september sl.

Kjölur stéttarfélag fagnar útgáfu skýrslunnar. Launamunur kynjanna hefur verið til umræðu á Íslandi og í öðrum löndum áratugum saman og gripið hefur verið til ýmissa aðgerða í því skyni að ná fram launajafnrétti. Síðustu ár hafa rannsóknir um launajafnrétti ítrekað bent á að kynskiptur vinnumarkaður er meginorsök kynbundins launamunar.¹ Í nýjustu rannsókn Hagstofunnar, sem tekur til árana 2008-2020, er þetta staðfest og fjallað um mikilvægi þess að horfa ekki bara á eina tölu þegar fjallað er um launajafnrétti, heldur heildarmyndina.² Skýrsla starfshópsins sem hér er til umfjöllunar er afar mikilvægt innlegg í umræðu og vinnu um launajafnrétti sem fara þarf fram á næstu árum. Í skýrslunni er saga lagaákvæða um launajafnrétti og dómaframkvæmd rakin, en sjónum er einkum beint að því aðalatriði sem ólíkt virðismat starfa kvenna og karla er.

Framhaldsskólakerfið þarf nauðsynlega að endurskrifa námskrár stuðningsfulltrúa og leikskólaliða með það að leiðarljósi að gera nám þessara stétta jafnsett námi sjúkraliða og löggiltra iðngreina. Nú í mars sl. færðust félagsliðar upp á 3ja hæfniprep sem er þá orðið jafngilt. En það dugar ekki til viðhorf og vanmat þessara starfa er afar þungt fyrir í samfélaginu en sannarlega hjálpar til að námið er komið á hærra þrep. Dæmi um matartæknanám sem er fyrir nokkur komið á 3ja hæfniprep en afar þungt að fá störf þeirra metin hærra til launa vegna viðhorfa til eldhússtarfa. Leitað þarf nýrra leiða til að breyta hinum kerfislægu og hefðbundnu kynjaímyndum og unnið um leið gegn neikvæðum staðalímyndum um hlutverk kvenna og karla í samræmi við það sem jafnréttislög kveða á um.³

Í skýrslunni er fjallað um hættuna af því að virðismatskerfi starfa viðhaldi vanmati á störfum kvenna og vísað í fjölmargar rannsóknir því til stuðnings. Mikilvægi gagnsæis og trausts, m.a. með aðkomu starfsfólks og stéttarfélaga að virðismatskerfinu, er einnig áréttað. Í skýrslunni er litið til annarra landa,

¹ Launamunur karla og kvenna (2015) Vefslóð: https://www.stjornarradid.is/media/velferdarraduneyti-media/media/rit-og-skyrslur-2015/launamunur_karla_og_kvenna_19052015b.pdf

² Hagtíðindi, launamunur karla og kvenna 2008-2020 (2021) Vefslóð: <http://hagstofan.s3.amazonaws.com/media/public/2021/93d565e8-b337-4013-9fee-855b080681f4.pdf>

³ Kynbundið nám í framhaldsfræðslunni (2019) <http://hdl.handle.net/1946/32376>

einkum Kanda og Nýja-Sjálands sem fyrirmyndir. Þar hafa stjórnvöld gripið til forvirkra aðgerða til að tryggja efnislegt jafnrétti, en ekki bara lögbundið jafnrétti. Skýrslan byggir þannig á nýjustu og bestu þekkingu hvað varðar jafnlaunamál og leggur hópurn til nokkrar tillögur til aðgerða sem fari fram

undir yfirstjórn aðgerðarhóps um launajafnrétti. Kjölur stéttarfélag vill áréttta nokkur atriði varðandi tillögur hópsins.

- Framkvæmd verkefnisins verði í forgangi hjá forsætisráðuneytinu og skrifstofu jafnréttismála. Konur hafa árum saman búið við vanmat á störfum sínum og sjálfsögd mannréttindi þeirra þannig brotin. Áriðandi er að halda áfram, vinna hratt og varða leiðina að jafnrétti og leiðréttingum fyrir konur.
- Þróunarverkefni um virðismat starfa. Þá telur Kjölur stéttarfélag mikilvægt að ríkið gangi á undan með góðu fordæmi og farið verði í þetta þróunarverkefni strax. Mikilvægt er að tryggja aðkomu stéttarféлага og starfsmanna, bæði í þróunarverkefninu, en ekki síður til framtíðar hvað varðar virðismatskerfi starfa. Án gagnsæis og aðkomu starfsfólks og félaga þeirra skapast ekki traust á því að kerfið sé sanngjarnt og er þetta á meðal þess sem hefur verið gagnrýnt varðandi jafnlaunastaðalinn. Það er á ábyrgð atvinnurekanda að laun séu jöfn fyrir jafnverðmæt störf en mikilvægt er að starfsfólk treysti því að vel sé að málum staðið.
- Samningaleið að launajafnrétti og útfærslur. Kjölur stéttarfélag styður þessa tillögu og jafnframt að horft verði sérstaklega til þess hvort útvistun starfa leiði til aukins kynbundins launamunar. Sterkar vísbendingar eru um slíkt, t.d. í umönnunargeiranum og ræstingum.

Að lokum vill Kjölur stéttarfélag undirstrika mikilvægi þessarar skýrslu og hvetja til þess að unnið verði hratt og vel að tillögum starfshópsins.

Með baráttukveðju



Arna Jakobína Björnsdóttir, formaður